

1947 nr. 30 22. apríl**Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis**

Tóku gildi 1. júlí 1947. Breytt með: L. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum manneldisráðs að skipa fyrir með reglugerð um ráðstafanir til að tryggja sem

best manneldisgildi hveitis, sem selt er á íslenskum markaði. Má í því skyni krefjast sérstakrar tilhögunar við mölun hveitisins, svo og að það skuli blandað viðeigandi næringar- og hollustuefnum, annars hvors eða hvors tveggja í senn.

■ 2. gr.

□ Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skulu varða ...¹⁾ sekt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

¹⁾ L. 10/1983, 22. gr.